



FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

SÁL203

Próftími 90 mínútur

Nafn : _____

Kennari:

Hjálpargögn: Engin utan skriffæri

Til athugunar: Prófið er á 8 tölusettum síðum að forsíðu meðtalinni. Gakktu úr skugga um að svo sé um þitt eintak.

Prófið er í 5 hlutum:

I. Krossar	20%
II. Tengiverkefni.....	10%
III. Verkefni og þrautir...	25%
IV. Skilgreiningar	25%
V. Valspurningar	20%



I. Krossar (20%) Settu X í svigann framan við rétt svar.

1. Hver eftirtalinna fullyrðinga um *þroskastig* er röng?
 - Sérhvert þroskastig einkennist af ákveðnu ríkjandi atferli.
 - Atferli á einu stigi er frábrugðið atferli annarra stiga.
 - Röð stiganna er háð umhverfisþáttum.
 - Umhverfisáhrif geta flýtt eða hamlað þroska á einstökum stigum.

2. Nýklakinn andarungi virðist mynda geðtengsl við hvaðeina er hann sér fyrst hreyfast. Slíkt er gott dæmi um...
 - venjumyndun
 - mörkun
 - herminám
 - fylgdarnám

3. *Sjálfíð* (ego) ...
 - er dulvitað
 - er sáttasemjari milli *þaðs* (ID) og *yfirsjálfis* (superego)
 - þroskast á undan *þaði* og *yfirsjálf*
 - ekkert ofangreint er rétt

4. *Námskenning* segir þroskun siðgæðis eiga sér stað vegna þess að ...
 - umbunað er fyrir æskilegt atferli
 - refsað er fyrir óæskilegt atferli
 - líkt er eftir atferli fullorðinna
 - allt ofangreint er rétt

5. Rannsóknir Harry Harlows sýna að við *myndun geðtengsla* skiptir ...
 - fæðugjöf mestu máli
 - hreyfing móður engu máli
 - mýkt og snerting mestu máli
 - kyrrstaða móður öllu máli

6. *Kynslóðabreytingar* hafa m.a. sýnt sig í ...
- lækkuðum aldri við upphaf tíðablæðinga
 - meiri vöðvamassa yngri kynslóða
 - minni hárvöxt hjá yngri körlum
 - minnkandi líkamsþyngd yngri kvenna
7. Þegar Baldvin var 18 ára mældist greindaraldur hans 20 ár. Greindarvísitala Baldvins á þeim tíma hefur þá látið nærri...
- 90
 - 100
 - 110
 - 120
8. Grundvallaratriði við *allar* sál-/félagsfræðilegar rannsóknir er að ...
- hafa stjórn á öllum breytum
 - nota ávallt bæði samanburðar- og tilraunahóp
 - úrtakið sé rétt og endurspegli þýði
 - menn hafi fulla stjórn á tölfræðilegri úrvinnslu
9. *Þrístæða 21* veldur heilkenni kenndu við ...
- Klinefelter
 - Turner
 - Down
 - Asperger
10. Hverja eftirfarandi greinda er að finna í fjölgreindakenningu Gardners?
- Hagnýta greind
 - Sköpunargreind
 - Boltagreind
 - Rýmisgreind

II. Tengiverkefni (10%) Tengdu saman með því að setja viðeigandi tölustaf í miðdálkinn

1.	Frumhvatir	Judith Rich Harris
2.	Lægðarstig	John Bowlby
3.	Kynákvörðun	Jean Piaget
4.	Langtímarannsókn	Geðtengsl
5.	Hópfélagsmótun	Sigmund Freud
6.	Móðurfræksla	Alfred Binet
7.	Aðskilnaðarkvíði	Það
8.	Foraðgerðastig	Howard Gardner
9.	Greindarpróf	Lewis Terman
10.	Tónlistargreind	Andrógen

III. Verkefni og þrautir (25%)

1. *Þú sýnir barni hlut í lófa þínum. Síðan kreppir þú höndina um hlutinn, stingur hendinni undir borðdúk og skilur hlutinn þar eftir. Dregur höndina kreppta undan dúknum og opnar hana síðan að barninu ásjáandi. Barnið setur upp undrunarsvip þegar það sér að lófi þinn er tómur, skoðar lófa þinn rækilega og er í greinilegu uppnámi.*

Hvaða aðgerð varstu hér að framkvæma og til hvers? Hvað getur þú ráðið af viðbrögðum barnsins?

2. Jón og Gunna eiga von á barni. Alsæl, enda komin á fimmtugsaldur, og búin að reyna lengi að eignast barn. Í ljósi aðstæðna vilja læknir og ljósmóðir hafa allan vara á. Hvers vegna og hvað er líklegt að þau ráði Jóni og Gunnu að gera?

3. Auðbjörg hefur mikinn áhuga á að rannsaka *áhrif áfengis á nám nemenda á framhaldsskólaaldri*. Henni er gefið leyfi til að nota aðstöðu og nemendur FÍV við rannsóknina. Auðbjörg ákveður að gera *tilraun*. Hvernig ætti Auðbjörg að standa að fræmkvæmd tilraunarinnar? Yrði niðurstaða tilraunarinnar réttmæt m.t.t. þess sem lagt var upp með, *áhrif áfengis á nám nemenda á framhaldsskólaaldri*?

4. Maccoby og Martins, sem og Diana Baumrind, hafa þá sannfæringu að skipta megi foreldrum í 4 flokka/hópa á grundvelli tveggja meginvídda í afstöðu foreldra til barnanna. Hverjar eru víddirnar og þá flokkar foreldranna?

5. Fræðimenn hafa veitt athygli ákveðnu mynstri í félagslegum samskiptum barna sem vistuð hafa verið til lengri tíma á stofnunum, munaðarleysingjahælum. Svo afgerandi er þetta myndstur að rætt er um *stofnanaheilkenni*. Hvert er myndstrið (einkennin...)?

IV. Skilgreiningar (25%) Hvað er/var/eru/voru?

1. Áreiðanleiki (greindar-) prófa _____

2. Herminám _____

3. Hnakkþykktarmæling _____

4. Sjálflægni _____

5. Apgar-próf _____

V. **Valspurningar (2x10%)** Veldu og svaraðu 2 af 3 eftirfarandi verkefnum:

1. Í kennslubókinni þinni segir: „...og raunar allt hennar [móðurinnar] líferni getur haft bein eða óbein áhrif á fóstrið.“ Gerðu skil a.m.k. fjórum slíkum áhrifa- eða áhættuþáttum meðgöngunnar og þá afleiðingum fyrir barnið.
2. Til eru ýmsar gerðir greindarprófa. Þekktust eru *Stanford-Binet* og *Wechslers* prófin. Segðu frá báðum þessum prófum og þá hver helsti munurinn er á þeim.
3. Segið frá *geðtengslum*. Hvað eru geðtengsl? Hvernig myndast þau? Hvaða aðferðum beita menn við að rannsaka styrk geðtengsla?...
